

Menningarnótt 2018





Stjórn Menningarnætur 2018

Guðmundur Halldórsson, formaður stjórnar, Verkefnastjóri viðburða MOF

Áslaug Guðrúnardóttir, Listasafn Reykjavíkur

Bjarni Brynjólfsson, Upplýsingadeild Ráðhússins

Elínborg Kvaran, markaðsstjóri Landsbankans

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, Verkefnastjóri Miðborgarmála

Verkefnastjórar Menningarnætur

Björg Jónsdóttir

Guðmundur Birgir Halldórsson

Viðburðafulltrúi og vefumsjón Menningarnætur

Aðalheiður Santos Sveinsdóttir

Kynningarfulltrúi Menningarnætur

Hulda Gunnarsdóttir

Menningarnótt 2018

Menningarnótt var haldin laugardaginn 18. ágúst í blíðskapar veðri eftir sólarlaust sumar. Gestir tóku daginn snemma og nutu þeirra viðburða sem í boði voru langt fram á kvöld. Aðsókn hefur skv. lögreglu aldrei verið meiri og er talið að um 130 þúsund manns hafi sótt hátíðina. Þátttakendur í hátíðinni eru borgarbúar sjálfir ásamt lista- og menningarstofnunum í Reykjavík, sjálfstætt starfandi listhópum og listamönnum, fyrirtækjum, rekstraraðilum og félagasamtökum. Menningarnótt er stöðugt í undirbúningi en vinna með stjórn hátíðarinnar hófst í apríl 2018 og fundaði alls 6 sinnum fram að hátíð.

Fjöldi viðburða

Á þriðja hundrað viðburða voru skráðir í viðburðadagatal hátíðarinnar sem birtist á heimasíðu Menningarnætur. Opinber frestur til að sækja um almenna þátttöku á hátíðinni rann út 31. júlí. Viðburðir voru af fjölbreyttum toga og dreifðust frá Grandasvæðinu og austur á Klambratún. Ekkert sérstakt áherslusvæði Menningarnætur var í ár og settu verkefnastjórar sér það markmið að dreifa dagskrá Menningarnætur um alla miðborgina og þar af leiðandi dreifðust gestir líka um svæðið.

Í ár var bryddað upp á þeirri nýbreytni að fenginn var sérstakur listrænn stjórnandi til þess að umbreyta litlu svæði í hjarta Reykjavíkur eftir eigin höfði. Fyrsti listræni umbreytir Menningarnætur var sviðslistamaðurinn Jóhann Kristófer Stefánsson sem tók að sér efstu hæðina á bílastæðahúsinu í Traðarkoti og glæddi hana nýju lífi. Tilraunin tókst í alla staði vel og verður haldið áfram að þróa hana á næstu árum.

Menningarnæturpottur Landsbankans

Landsbankinn hefur verið bakhjarl Menningarnætur frá upphafi. Hann hefur styrkt hátíðina með fjárframlagi sem rennur allt í Menningarnæturpottinn en markmið hans er að veita frumlegum og skemmtilegum hugmyndum brautargengi. Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr pottinum frá 3. maí- 24. maí. Alls bárust 87 umsóknir í ár og voru 25 aðilum veittur styrkur, frá 100.000 – 500.000, samtals að upphæð fjórar milljónir króna.

Dagskrá Menningarnætur

Setning Menningarnætur 2018 fór fram í nýbyggingu við Hafnatorg þar sem sett var upp sýning af því hvernig svæðið mun líta út að loknum framkvæmdum. Borgarstjóri Dagur B. Eggertsson setti hátíðina og að því loknu fluttu Helgi S. Gunnarsson og Tinna Jóhannsdóttir framkvæmdaaðilar svæðisins litla tölu og Högni Egilsson flutti tónlist.

Færeyingar voru heiðursgestir Menningarnætur í ár og buðu til fjölbreyttrar dagskrár í Ráðhúsi Reykjavíkur. Færeyskir listamenn voru með ljósmynda- og hönnunar sýningar og tónlistamenn léku fyrir gesti. Borgarstjóri bauð gesti hátíðarinnar velkomna á viðburðinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og borgarstjóri Þórshafnar Anika Olsen þakkaði gestrisnina.

Öll söfn miðborgarinnar allt frá Sjóminjasafni til Kjarvalsstaða opnuðu dyr sínar fyrir gestum og buðu upp á allskonar viðburði með tónlist, myndlist og hönnun.

Harpa tónlistarhús var með glæsilega dagskrá í ár. Íbúar hússins, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Stórsveit Reykjavíkur og Íslenska óperan buðu upp á tónleika fyrir fjölskylduna auk þess sem margt fleira spennandi var í boði fyrir börn og fullorðna um alla Hörpu og fyrir utan á Hörputorgi.

Vöfflukaffið var á sínum stað og tóku sjö heimili þátt í ár. Einnig buðu einhver af þeim upp á tónleika og aðra viðburði á meðan vöfflukaffinu stóð.

Skemmtileg stemning var á götum bæjarins, þar sem mikill mannfjöldi sat úti og naut viðburða sem í boði voru hjá rekstaraðilum í borginni. Barir og veitingarstaðir færðu borðin út og naut fólk veðurblíðunnar ásamt því að hlusta á fagra tóna eða upplifa skemmtilega viðburði víðsvegar um göturnar.

Tónleikar úti

Tónarflóð Rásar 2. Þeir sem fram komu voru : Ungir hip hop listamenn á vegum Rúv núll, Prins pólo og Hjálmar, Írafár og Todmobile. Tónleikarnir hófust við Arnarhól kl 20:00 og stóðu til kl 23:10 eða fram að flugeldasýningu. Tónleikarnir fóru 10 mínútur fram úr áætlun sem seinkaði flugeldasýningunni. Seinkunin kom þó ekki að sök og hafði ekki áhrif á aðra þætti hátíðarinnar.

Garðparty Bylgjunnar var haldið í Hljómskálagarðinum á tvöföldu sviði. Þar komu fram Páll Óskar, Amabadama, Dimma, Helgi Björns og Stjórnin. Boðið var upp á grillmat og súpu án greiðslu.

Hip Hop hátíð Menningarnætur var haldin í þriðja og í þetta skipti á Ingólfstorgi og stóðu frá kl 18-22. Þar komu fram helstu nöfnin í hip hop tónlist á Íslandi í dag. Þau sem þar komu fram voru JóiPé & Króli, Sura, Yung Nigo Driffin, Huginn, ClubDub, Joey Christ, Sturla Atlas & Logi Pedro, Birnir, Flóni.

Karnival á Klappastíg var haldið í fimmta sinn á horni Klapparstígs og Hverfisgötu á vegum Dj Margeirs. Byrjað var á fjölskyldujóga sem leiddi gesti í dans þar sem helstu plötusnúðar landsins héldu uppi dansinum fram að flugeldasýningu.



Flugeldasýning

Flugeldasýning Menningarnætur fór fram við Hörpu kl. 23:10 og sem fyrr var það Hjálparsveit skáta í Reykjavík sem sá um skipulag og framkvæmd hennar ásamt skrifstofu Menningarmála. Mælt var með því að áhorfendur myndu staðsetja sig á Arnarhóli til að njóta sýningarinnar sem best.

Öryggis- og aðgengismál

Að venju eru öryggismál efst á baugi við skipulagningu Menningarnætur.

Til að allir aðilar vinni þétt og skipulega saman þá eru haldnir nokkrir stórir samráðsfundir um öryggismál og aðgengi á Menningarnótt. Aðilar að þessum samráðsfundum eru; Lögreglan og slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu, Ríkislögreglustjóri, Bráðasvið Landspítala háskólasjúkrahúss, 112, Landhelgisgæslan, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, USK – (skrifstofa reksturs og umhirðu), Strætó, Bíla-stæðasjóður, Frami samtök leibubílstjóra og Samtök aðila í ferðaþjónustu (SAF) s.s. Grayline og Reykjavík Excursions. Að auki eiga Saman hópurinn, ÖBÍ, fulltrúar Reykjavíkumaraþonsins og Faxaflóahafnir fulltrúa. Hittist hópurinn fyrst um miðjan maí þar sem farið var yfir ábendingar frá árinu áður og fundaði hópurinn alls þrisvar í aðdraganda hátíðarinnar. Að auki var fundað í smærri hópum af og til, til að fara yfir sértæk mál. Eftir hátíð kom hópurinn saman og fór yfir hvað gekk vel og hvað má betur fara. Þetta góða samstarf er mjög mikilvægt og í raun lykilforsenda þess hve vel hefur tekist til undanfarin ár.

Framkvæmdahandbók ásamt lagskiptu upplýsingakorti er svo búin til, þar sem allar upplýsingar um framkvæmd hátíðarinnar eru útlistaðar nákvæmlega.

Götulokarnir

Götulokanir voru í gildi frá kl. 07.00 að morgni laugardagsins 18. ágúst og fram til kl. 01.00 eftir miðnætti. Ekki var hægt að komast inn á hátíðarsvæðið með vélknúð ökutæki meðan á lokunartíma stóð nema viðkomandi hafi sótt um sérstakt leyfi frá skrifstofu menningarmála. Ökutæki gátu þó ávallt yfirgefið lokunarsvæðið eftir sérstökum leiðum. Gefið hefur góða raun að loka stærra svæði og verður því fyrirkomulagi haldið áfram.

Í samræmi við áhættumat frá Ríkislögreglustjóra var þyngri innri lokunum komið fyrir með vörubílum og steinblokkum til þess að koma í veg fyrir að bifreiðar geti keyrt inn á hátíðarsvæðið. Hafa þessar lokanir einnig þann kost að minna var um að almenningur væri að fjarlægja lokanir og lauma sér inn á hátíðarsvæðið á bílum sínum.

Eftir Menningarnótt 2016 tilkynntu björgunarsveitirnar að þær myndu hætta að sjá um og aðstoða við götulokanir og öryggisgæslu á Menningarnótt. Var því farið til samstarfs við fyrirtækið Venue Security í eigu Bjarna Knútssonar var því samstarfi áframhaldið í ár.

Fyrir hverja hátíð er búið til kort af hátíðarsvæðinu (sjá hér fyrir neðan) á íslensku og ensku. Er þetta kort sent á stóran netfangalista sem inniheldur flest ferðaþjónustufyrirtæki og gististaði. Einnig eru hinir ýmsu aðilar beðnir að áframsenda upplýsingar um götulokanir, s.s. SAF, ÖBÍ og Miðborgin okkar. Jafnframt er prentað dreifibréf sem dreift er á öll heimili og fyrirtæki á hátíðarsvæðinu í vikunni fyrir hátíð. Götulokunarkortið er birt á heimasíðu Menningarnætur c.a 2 vikum fyrir hátíð. Götulokanir eru einnig nefndar á Facebook og í kynningum og umfjöllunum. Það þarf að halda áfram að finna leiðir til að koma upplýsingum um götulokanir skilmerkilega til íbúa og gesta miðborgarinnar.



Aðgerðamiðstöðin

Sameiginleg aðgerðamiðstöð slökkviliðs, lögreglu og öryggisaðila var staðsett í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Sjúkra- og lögreglubíll var staðsettur við Alþingishúsið. Athvarf fyrir týnd börn var við Alþingishúsið, ekkert barn kom í athvarfið að þessu sinni.

Öryggisaðilar velta fyrir sér þörfinni á þessu úrræði. Kannski nýtast starfsmennirnir betur með því að vera í Miðbæjarathvarfinu. Öll börn hafa síma núna og betra er að leysa úr því ef barn týnist á staðnum þar sem það týnist. Lögreglan leysti 3 slík tilvik á vettvangi.

Rútur og leigubílar

Rútur og leigubílar áttu sína safnstaði á þremur stöðum á hátíðarsvæðinu til þess að sækja og skila af sér farþegum. Stæðin voru staðsett á Túngötu á bílastæði við Landakotskirkju, við Hallgrímskirkju Eiríksgrötumegin og á Skúlagötu á bílastæðinu gegnt Klapparstíg. Voru fyrirtækin Grayline og Reykjavík Excursions með vakt á svæðinu til að halda flæðinu gangandi á stæðunum.

Strætó

Frítt var í alla vagna Strætó á Menningarnótt. Þannig komust hátíðagestir auðveldlega og örugglega í og úr miðborginni. Strætó ók að og frá Hlemmi og Gömlu Hringbraut, gegnt BSÍ, þar sem allar leiðir sem venjulega aka um miðborgina stöðvuðu. Ekið var eftir hefðbundnu laugardagsleiðarkerfi en að auki voru 18 aukavangar settir inni leiðarkerfið til að styðja við þær leiðir þar sem álag myndaðist. Bætt var í aukafлотann þennan dag um 3 vagna frá því í fyrra (15 í 18) og hófst akstur 2 ½ klst fyrr, eða kl. 9.30 í staðinn fyrir kl. 12. Töluverð aukning var í farþegaflutningi þetta árið. Strætó var meira og minna fullur allan daginn og voru samt allir þeirra vagnar í akstri.

Sérstök skutlþjónusta var starfrækt frá kl. 07:30 – 01:00 beint frá bílastæðum í Laugardal með viðkomu á stoppustöðvum strætó í Borgartúni fyrir þá sem vildu komast hratt og örugglega inn á mitt hátíðarsvæðið eða upp að Hallgrímskirkju, var þessi þjónusta vel nýtt í ár. Áberandi var að fólk var ekkert að fara úr bænum fyrr en eftir flugeldasýningu, fáir voru í vögnunum úr miðbænum fram eftir degi.

Hefðbundið leiðakerfi Strætó var gert óvirkt kl. 22:00 og lögð áhersla á að flytja gesti Menningarnætur úr miðbænum og heim. Ekið var til kl. 01:00. Strætó náði að tæma bæinn á 1 og hálfum tíma.

Eftir að tæmingu lauk þá tók við næturstrætó sem er þjónusta sem hófst sumarið 2018. Í aðdraganda Menningarnætur gaf strætó út þau skilaboð að ekki yrði næturstrætó eftir að tæmingu miðbæjarins lyki á Menningarnótt. Á síðustu stundu var ákvörðuninni breytt og boðið var upp á næturstrætó, en skilaboðin bárust of seint til að hægt væri að kynna þjónustuna skilmerkilega og skapaði það óvissu. Næturvagnarnir önnuðu ekki flutningum þrátt fyrir að vera með fleiri vagna í næturakstri en venjulega.

Bíla- og hjólastæði

Bíla- og hjólastæði voru skipulögð í samráði við Bílastæðasjóð. Gestum var bent sérstaklega á stæði í Borgartúni og í kringum Höfðatorg, sem voru betur nýtt en oft áður. Að auki voru stæði í Laugardalnum í tengslum við skutluþjónustu strætó. Bílastæðin í kringum BSÍ var ekki hægt að nota í ár vegna framkvæmda en hægt var að leggja í stæði norðan við Hringbraut og við Háskóla Íslands.

Hefðbundin gjaldskylda er í bílastæði og bílastæðahús á Menningarnótt, sem eru utan lokunarsvæðis. Eins og lög gera ráð fyrir var sektað fyrir ólöglegar bílastöður á Menningarnótt, bæði af lögreglu og Bílastæðasjóði. Upp kom sú hugmynd hvort að það ætti að vera frítt í bílastæði borgarinnar þennan dag eins og er frítt í strætó, þessi hugmynd verður tekin upp í undirbúningi hátíðarinnar 2019.

Sérstök hjólastæði voru sett upp í porti Austurbæjarskóla og í bílakjallara Ráðhússins þar sem hægt var að læsa hjólum á öruggan og aðgengilegan hátt.

Aðgengi hreyfihamlaðra og aldraðra

Reynt var tryggja aðgengi hreyfihamlaðra og aldraðra með ýmsum leiðum. Sérmerkt bílastæði fyrir fatlaða voru á þremur stöðum inn á hátíðasvæðinu og voru aðgengileg öllum með P-merki fyrir fatlaða í bílum sínum. Öryrkjabandalagið sá um að senda upplýsingar til sinna félagsmanna. Akstursþjónusta Ferðaþjónustu fatlaðra var með hefðbundnu sniði á Menningarnótt. Bílar þjónustunnar sóttu og skilaðu farþegum á sér merktum bílastæðum fyrir fatlaða á hátíðinni. Aldraðir gátu tekið leigubíl inn á svæðið eða strætó upp að Hallgrímskirkju. Verkefnastjórar héldu fund ásamt Öryrkjabandalaginu í aðdraganda hátíðarinnar til þess að kynna þessa valkosti.

Undirbúningur og hreinsanir starfsmanna skrifstofu Reksturs og umhirðu.

Vinna starfsmanna á skrifstofu reksturs og umhirðu hefst fyrir alvöru viku fyrir Menningarnótt og stóð vel fram í vikuna á eftir. Í ár voru rúmlega 60 starfsmenn USK við vinnu á Menningarnótt frá kl. 04:00 aðfararnótt 18. ágúst fram til kl. 12:00 á hádegis þann 19. ágúst. Í raun eru starfsmenn að undirbúa og vinna við Menningarnótt alla vikuna fyrir hátíð, það þarf að sækja lokunarbúnað, setja upp skilti, girða af miðeyjar og skipuleggja götulokanir. Haldnir eru stórir skipulagsfundir með starfsmönnum sem sjá um þessi störf. Kostnaður USK – skrifstofa reksturs og umhirðu vegna Menningarnæturs eru um 11 milljónir.

Götusala

Götu- og torgsala fór fram við Ingólfstorg og í Fógetagarði. Þeir einir gátu sótt um leyfi til götusölu á Menningarnótt sem þegar höfðu fengið ársleyfi til slíkrar sölu frá Umhverfis- og skipulagssviði (USK). Þeir veitingastaðir sem óskuðu eftir að framlengja daglega starfsemi sína út á götu bar að sækja um tilskilin leyfi til heilbrigðiseftirlitsins. 8 aðilar sóttu um leyfi til að vera með matsölu í matarvögnum á Menningarnótt. Fengu 6 bílar úthlutað pláss við Aðalstræti og 2 aðilar í Fógetagarði. Töluvert er um að rekstraraðilar komi fyrir grilli eða öðrum sölubás fyrir utan hjá sér og eldi og veiti án leyfis.

Upplýsingaþjónusta

Þjónustuver Reykjavíkurborgar var opið frá 08-23 og sáu um upplýsingaþjónustu í tengslum við Menningarnótt. Sú leið var farin í ár að þjónustuverið sá einnig um símaþjónustu fyrir Strætó sem gafst mjög vel.

Forvarnir

Lögð er áhersla á að Menningarnótt er fjölskylduhátíð og fjölskyldan njóti dagsins saman og fari heim saman að hátíð lokinni. Reynt er að benda á þennan þátt í öllum kynningum og umfjöllunum um hátíðina. Miðbæjarathvarfið var starfrækt úr safnaðarheimili Dómkirkjunnar. Urðu aðstandendur athvarfsins varir við aukið álag samanborið við hátíðina í fyrra og er það eitthvað sem það huga þarf að á næsta ári.

Undanfarið hefur borið á aukinni unglingadrykkju í Reykjavík. Menningarnótt fór ekki varhluta af þeirri þróun, sem er viðtækara og stærra vandamál en ein borgarhátíð. Mest bar á unglingadrykkju í tengslum við tónleika á Ingólfstorgi. Í kjölfar Menningarnætur boðuðu verkefnastjórar til fundar með fulltrúum frá Frístundamiðstöðvum og Velferðasviði til að ræða hvernig mætti bregðast við þessum aðstæðum. Ákveðið var að búa til samráðshóp sem hittist í aðdraganda næstu hátíða og fer yfir hvar skuli staðsetja viðburði sem höfða til unglunga og hvernig skuli skipuleggja þá til þess að þeir fari sem best fram.

Einnig var í kjölfarið stofnaður hópur þar sem verkefnastjóri Miðborgarmála ásamt fulltrúum frá SFS og VEL stofnuðu verkefnahóp um börn og unglunga í miðborginni. Verkefnið er í mótun og þ.a.l. komið skammt á veg, en fyrstu drög að megináherslum verkefnisins eru forvarnir, viðbragð og menning. Hópurinn er búinn að hittast einu sinni til að setja upp drög að verkskipulagi vetrarins.

Kynningar- og markaðsmál

Áherslur í kynningarmálum Menningarnætur voru; öryggi- og aðgengi, fjölskyldusamvera, dagskrá hátíðarinnar, tónlistarviðburðir og gestabærinn Færeyjar.

Rauður þráður í öllum auglýsingum var:

Virðum lokanir – þær eru til að tryggja öryggi og aðgengi

Skiljum bílinn eftir heima / notum ókeypis strætóferðir / leggjum fjær til að komast nær.

Loks var áhersla lögð á að kynna fjölbreytta dagskrá hátíðarinnar.

Önnur kynning á viðburðum hátíðarinnar var að mestu í höndum viðburðahaldara sjálfra. Unnið var með svipuð skilaboð í útvarpsauglýsingum og í fyrra, en ný sjónvarpsauglýsing var framleidd. Útvarpsauglýsingarnar hófust á Rás 1 og Rás 2 helgina fyrir Menningarnótt og sjónvarpsauglýsingar hófust á RÚV í vikunni fyrir Menningarnótt. Rás 2 og Bylgjan byrjuðu fyrr að auglýsa sína viðburði, Tónaflóð Rásar 2 og Garðpartý Bylgjunnar.

Almennt var mjög mikil umfjöllun um hátíðina í spjallþáttum í ljósvakamiðlum en blaðamannafundur var haldinn á þriðjudeginum fyrir Menningarnótt, 14. ágúst, í Hljómskálagarðinum.

Prentmiðlar

Í ár var ákveðið að kaupa ekki auglýsingar í prentmiðlun heldur leggja frekar áherslu á að senda til kynningar og hátíðarkort rafrænt og að öll dagskráin væri kynnt á menningarnott.is. Miðborgar-pósturinn birti dagskrá Menningarnætur og umfjöllun um hátíðina föstudaginn fyrir hátíðina.

Samfélagsmiðlar og Vefmiðlar

Facebooksíða Menningarnætur var vel nýtt og alls voru settar inn 18 færslur þar ásamt fjölda ljósmynda. Þá voruð bæði notaðir darkpóstar og boost til að kynna Menningarnótt. Alls hafa um 10.500 manns gert like við síðuna. Tölfræðigreining (Google Analytics) á heimsóknnum á heimsíðu Menningarnætur skilaði eftirfarandi tölum. Dagana 13.-18. ágúst 2018 voru samtals 52.055 notendur sem heimsóttu síðuna, 82.159 sinnum. Samtals voru skoðaðar, 236.453 síður yfir þetta tímabil. Þann 18. ágúst 2018 fékk síðan, 48.260 heimsóknir frá, 32.122 gestum. Þá voru skoðaðar 134.246 síður.

Gallup Könnun

Eftir Menningarnótt var gerð könnun á vegum Gallup og meðal þess sem kom fram þar var að:

71% þeirra sem tóku afstöðu voru jákvæðir í garð Menningarnætur
27 % mættu á Menningarnótt

Það fyrsta sem kom upp í huga fólks í tengslum við Menningarnótt var
20% flugeldar
16% Tónlist
13% mannfjöldi
9% Skemmtilegt

Fjármál

Hátíðin er framleidd af Menningar- og ferðamálasviði og fara 11,4 m.kr af ramma MOF til hátíðarinnar. Að auki styrkir Landsbankinn hátíðina um 4,0 m.kr. Skrifstofa reksturs og umhirðu leggur til um 11 m.kr vegna framkvæmda í borgarlandinu.

Fjölmarginir aðrir aðilar, opinberir og, sjálfstæðir, leggja einnig fé til hátíðarinnar í gegnum þátttöku sína og viðburði, má þar nefna RÚV, 365 miðlar, Nova, söfn, tónleikastaðir og aðrar menningarstofnanir. Að auki er vert að minnast á framlag allra íbúa og rekstraraðila í miðborginni sem leggja hátíðinni lið. Stjórn Menningarnætur kann öllum þessum aðilum kærar þakkar fyrir.

Fjárhagsáætlun

Þann 3. október 2018 stendur rekstarhluti fjárhagsáætlunar hátíðarinnar í 15.835.006 kr. Skiptist kostnaður eftirfarandi:., kynningarmál 2.358.068 kr., dagskrárlaun 4.300.000 kr., annar dagskrárkostnaður s.s. flugeldasýning, leiga á húsnæði gallup könnun, og vöfflukaffi 6.170.180 kr., og öryggismál 3.006.752 kr.

Til umhugsunar

Vinna þarf náið með aðilum á borð við frístundamiðstöðvar, velferðasvið og lögreglu til þess að gera umgjörð viðburða sem höfða til unglunga sem besta og öruggast á Menningarótt

Umræður eru í gangi varðandi notkun flugelda í Reykjavík. Munum við halda áfram þeim vanga-veltum. Þar sem annarsveggar togast á umhverfissjónarmið og hinsveggar miklar vinsældir flugelda-sýningarinnar.

Listrænn umbreytir Menningarnætur heppnaðist vel og langar okkur að vinna áfram með að þróa þá hugmynd.

Reykjavík, 5.10.2018

Fyrir hönd verkefnisstjórnar,

Guðmundur B. Halldórsson

Björg Jónsdóttir

Aðalheiður Santos Sveinsdóttir